

## Bankafarsi

### *Ólsen fer aldrei á hausinn*

Einu sinni, fyrir langa löngu, var maður sem stofnaði banka. Hann hét Ólafur Ólsen og nefndi bankann eftir því sem hann elskaði mest.

Í upphafi ætlaði bankinn bara að geyma peninga og ávaxta fé fyrir vinnandi fólk. Svo er enn gert, þegar vel liggur á. Einn daginn datt Ólsen gamli niður á gróðaformúlu, sem hann nefndi þeyttur rjómi.



Allir sem þeytt hafa rjóma fatta nefndina, asakið, nafngiftina, innan skamms.

### **Þeyttur peníngarjómi**

Ólsen geymdi 1.000 krónur fyrir 15 manns. Alls voru því geymdar 15.000 krónur í bankanum. Þetta var á þeim tíma þegar krónan hafði gildi, en víkjum að henni í öðrum skrifum.

Nú kom 16di maðurinn að máli við Ólsen og bað hann um 1.000 króna lán. Lánið vildi hann greiða á einu ári með vöxtum, eða liðlega 100 krónur á mánuði. Ólsen benti honum á að 100 krónur á mánuði væri of mikið, því það jafngildi 20% vöxtum. Ólsen gamli var gamaldags og því var honum í nöp við það sem kallað var okurvextir á þeim tíma.

Manninum var slétt sama þú hann greiddi okurvexti og úr varð að hann tæki út 1.000 króna lán, til 12 mánaða. Að þeim tíma liðnum yrði hann búinn að greiða 1.200 krónur til bankans. Ólsen gamli sætti sig við þetta - enda 200 krónur kæmu í hlut bankans.

Nú stofnar maðurinn - sem hét Jón Skrambans - reikning í bankanum og fær 1.000 krónurnar skráðar á sína bankabók. Samtímis færir Ólsen gamli til eignar 1.000 krónur í eigin sjóðbók, og nefnir „í útláni“. Við þetta þeyttist rjóminn!

Skyndilega var í sjóði bankans áður nefndar 15.000 krónur, auk þess átti Jón Skrambans 1.000 króna innlögn, og Ólsen bankinn hafði eignast 1.000 krónur í lánabók. Með tveim bankabókarfærslum hafði sjóður Ólsen bankans aukist um 2.000 krónur, og aldrei skiptu neinir peningar um hendur.

Daginn eftir komu 5 viðskiptavinir til Ólsens og báðu einnig um lán. Sjóður bankans rauk í einu vetvangi upp úr 17.000 krónum og upp í 27.000 krónur. Enn var þetta gert með skráningu í bankabók og aldrei sást króna í hönd nokkurs manns.

## Uppkast í vinnslu

Síðan er runnið margt vatn til sjávar. Nú er þeytti rjóminn hans Ólsens á mörgum rjómatertum bankaviðskipta. Fólk notar helst ekki peninga lengur, þeir eru bara skráðar tölur í tölvu, og við hverja færslu eignast bankinn froðu.

Sonarsonur Ólsens sagði mér söguna. Hann hló oft á meðan. Því í hvert sinn sem fólk skrifar ávísun, eða réttir fram Debet kort, eða greiðir af láni, er trú að verki. Trú?

Trúin sú að færslan sé peningur.

### Löglegt rán



Kæra Bankastjórn Ólsens Banka

Ég hef nú skuldað bankanum skuldabréf Nr. xxxxxxxxxx síðan snemma árs 2007, og hef verið í skilum.

Upprunaleg lánsupphæð er **3.850.000** og er bréfið með jöfnum greiðslum. Staða bréfsins, samkvæmt útskrift frá bankanum reiknað til júlí 2012, er **4.098.774** kr. Miðað við sömu útskrift hef ég greitt eftirfarandi:

|                            |                  |
|----------------------------|------------------|
| Afborganir af höfuðstól    | 1.283.337        |
| Verðbætur                  | 457.911          |
| Vextir                     | 1.391.522        |
| Kostnaður og dráttarvextir | 17.239           |
| <b>Samtals</b>             | <b>2.976.163</b> |

Það er *trúa mín* að á þessu tímabili - miðað við afföll frá færslu bréfsins frá gamla *Banka* yfir í nýja *Banka* hafi ég greitt þann kostnað sem bankinn hefur haft af bréfinu og rúmlega það.

Þar eð ég er langtíma atvinnulaus og í kröggum, óska ég eftir að bankinn afskrifi eftirstöðvar lánsins, ef ekki að fullu, þá að vænum hluta.

Þessu var svarað þrem vikum síðar með kurteislegu símtali, af varfærni og festu, en engu að síður þverlega neitandi.

## Uppkast í vinnslu

Tökum þetta betur saman.

|                                                   |           |                            |
|---------------------------------------------------|-----------|----------------------------|
| Upprunaleg fjárhæð:                               | 3.850.000 | Banki greiðir út           |
| Þegar verið greitt við hrun 1. jan 2009           | 1.027.654 | Banki fær til baka         |
| Fært í nýja banka - ágiskun miðað við 40% afföll. | 2.010.000 | Banki fær til baka         |
| Búið að greiða í júlí 2012                        | 2.976.163 | Banki fær til baka         |
| Staða láns í júlí 2012                            | 4.098.774 | Banki á inni hjá greiðanda |

Banki fær alls til baka: 6.013.817 kr.

Enn er Banka skuldað: 4.098.774 kr.

Sonarsonur Ólsens gamla hló sig máttlausan þegar hann las þetta. Þegar hann sá svipinn á mér sagði hann „hvers vegna heldurðu að þrælahald hafi verið lagt af?"

„Nú vegna þess að það er siðlaust" svaraði ég.

„Nei, það var of dýrt" kom svarið.

Mér finnst Ólsen bankinn hafa mikið til síns máls. Ég vil því hvorki leggja af verðtryggingu, né heldur setja **Nýju** bönkunum siðareglur. Það var snjallt af hægri og vinstri stjórnunum að gefa þeim skuldir Íslendinga eftir hrun *bankakerfisins*.

Ég er ekkert reiður þó hálf þjóðin sé í sömu stöðu og ég. Mín niðurstaða er einföld. Ég vil reka banka, og þið megið öll fá lán hjá mér. Ég þarf ekki að eiga peningana til þess. Ég þeyti bara peníngarjóna.

### ***Launin mín sett í lánasjóð***

Eins og áður kom fram datt Ólafur gamli Ólsen niður á uppskrift að gróða. Miklum gróða. Hann kallaði það þeyttan rjóna, eða þeyttan peníngarjóna. Hvernig þúsund kall á bankabók verður



að þúsund kalli í útlán, sem síðar verður þúsund kall í annað innlán. Eða hvernig þúsund kall verður þrjúþúsund kall.

Þegar lánið er greitt til baka kemur fjórði þúsund kallinn. Að auki koma tvö hundruð krónur í vexti og verðbætur, sem er skipt í tvennt: Hundrað og tuttugu til bankans - því hann tekur alla áhættu - og áttatíu krónur til þess sem átti fyrsta þúsundkallinn, því hann þarf innlánsvexti.

Þannig kom á daginn að þúsund kall sparifjáreigandans, varð að fimmþúsund og tvö hundruð krónum.

Ólsen gamli var mikill aðdáandi klassískrar tónlistar. Einn daginn er hann sat og hlustaði á fúgu eftir Bach í síðdegisútlarpi, datt honum í hug viðlag við stef.

Á þessum tíma sögunnar voru algeng laun miðaldra fjölskyldumanna um fjögur hundruð krónur á mánuði. Það þóttu góð laun í þann tíð. Yfirleitt voru laun greidd út í peningum eða ávísun. Sum fyrirtæki töldu það vissara að treysta bankanum fyrir innistæðum og veltufé, og greiddu frekar út ávísanir fyrir launum. Launamenn leystu svo út tékkana, sem við köllum í dag Debet kort, og undu sælir við sitt.

Í heimabæ Ólsen bjó í þann tíð um átta þúsund manns, þar af voru þúsund í fyrrnefndum flokki launþega. Þannig var ljóst að þúsund manns fengju fjögur hundruð krónur í laun mánaðarlega, eða fjögur hundruð þúsund alls.

Þá spurði Ólsen „hversu hratt skyldi fénu vera eytt?" Hann gerði á því könnun næstu vikur og komst að því - sér til mikillar gleði - að fé eyðist oft hægt.

Flestir launþega eyddu helmingi launa sinna á fyrstu tíu dögum mánaðar, í leigu og aðra reikninga. Restin af launum fólks entist út mánuðinn - ekki má gleyma að fjögur hundruð króna mánaðarlaun jafngilda því sem í dag er fjögurhundruð og fimmtíu þúsund, sem endist flestum út mánuðinn.

### **Þetta er stafið, nú kemur viðlagið**

Ólsen var fjári góður í samlagningu og margföldun - í dag er það kallað afleiður á bankamáli - og hann var frumkvöðull. Ef þúsund manns ættu fjögurhundruð þúsund á launareikningi og tíu dögum síðar er það tvö hundruð þúsund, þá má lána út aftari hlutann!

Ef þessi lán eru skammtíma víxlar - algengt lánaform hér áður - þá þeytist mikill peningarjóni.

## Uppkast í vinnslu

Þetta virkar þannig. Nú koma fjögur hundruð þúsund í bankann, og helmingur þess er lánaður út í formi víxla sem greiðast innan mánaðar, þá veit enginn að launin eru lánuð út, því þau eru komin aftur inn jafnóðum og þau eru notuð af launþegum. Auk þess skila víxlar hærri vöxtum en klassísk lán. Áðurnefndur peníngarjóni tryggir að tvö hundruð þúsund króna heildarútlán munu fimmfaldast og verða milljón.

Rjómamilljón mun því tryggja bankanum sjóð til að eiga þegar eigendur launareikninga mjatla út launin sín. Eina áhættan er fyrsti mánuður í rekstri kerfisins. Ef ekki er búið að endurgreiða féð sem notað var í útlán þá er til **tékkatrix** við því. Í fyrsta lagi eru þúsund manns sem eiga útlánuðu launin, en þeir koma ekki allir í einu að taka út. Auk þess má bjóða þeim öllum tékkhefti. Fyrir þá sem ekki muna eftir ávísanaheftum þá er Debetkort rafrænn tékki.

Tékkar var ekki ný uppfynding. Ávísanahefti virka þannig að eigandi heftisins skrifar út ávísun á tiltekna upphæð. Hann lofar því viðtakanda að til sé innistæða fyrir téðri upphæð í bankanum. Að handhafi hefur ávísanahefti er yfirlýsing Ólsens banka að útgefandi ávísunar sé borgunarmaður. Hér kemur traust til sögunnar en það er hulin undirtónn allra bankaviðskipta.

Þegar viðtakandi ávísunar leysir hana út - í bankanum - er það örsjaldan sem hann leysir út reiðufé. Oftast leggur hann upphæðina beint á eigin reikning. Lítum á þetta frá sjónarhóli þeytta rjómans:

Jón Skramban á hundrað krónur á reikningi í Ólsen banka. Hann fer í kjörbúð og kaupir egg og mjólk. Hann er ekki með pening á sér svo hann skrifar tékka uppá tuttugu krónur. Kaupmaðurinn fer með tékkann í bankann, og leggur hann þar inn. Bankinn skrifar „mínus tuttugu“ á reikning Jóns, og „plús tuttugu“ á reikning kaupmanns.

Enginn peningur skipti um hendur, aðeins tölustafur á pappír í bankanum.

Þetta er grundvöllur þess að rjómaþeytingur launareikninga komst í gang. Lítum nánar á hvernig hún var framkvæmd fyrsta mánuðinn:

Fyrirnefndir þúsund launþegar í heimabæ Ólsens lögðu inn hver sínar fjögur hundruð krónur á reikning í Ólsen banka. Alls fjögurhundruð þúsund. Ólsen merkti helming þess strax til útlána í formi víxla. Þá veitti hann öllum launþegum tékkhefti.

Næsta mánuðinn mjatlast inn endurgreiðslur á víxlum - með vöxtum - en aðeins brotabrot launþega taka út peninga á sama tíma, heldur gefa út tékka í staðinn. Í hvert sinn sem launþegi „tók út fé af reikning“ var því aðeins tilfærður „tölustafur á pappír“ í bankanum.

## Uppkast í vinnslu

Næsta mánuð hafð Ólsen eignast Rjómamilljón og ekki var aftur snúið. Launavelta bæjarins var nú orðinn lánagrunnur.

Þar sem bankinn átti milljón í sjóð eftir fyrsta mánuðinn gat hann einnig lánað út langtíma skuldabréf auk skammtíma vísla. Þessi rjómaþeyta varð traust undirstaða í fjármálakerfi bæjarins og löngu síðar þegar bankinn hafði ofrisið undir stjórn Ólafs Ólsen II, sá bærstjórn til þess að bankinn stóð af sér storminn.

### **Vasabankinn**

Nei, vasabankinn hefur ekkert með vasasnóker að gera. Þú veist að mátt ekki hugsa ljótt.

Fyrir rúmu ári datt mér smá tilraun í hug. Í upphafi stóð til að drýgja hýruna sem kallast atvinnuleysisbætur. Sama hýra og vandað fólk segir að sumir lifi á sér til gamans.

Vel má vera að sumum þykji gaman að missa húsið sitt, bílinn, og að ganga í gatslitnum fötum mánuðum saman. Kannski þurfa *atvinnuleitendur* að læra að sjá lystisemdirnar í réttu ljósi.

Hugmyndin var sumsé þessi: **Ef ég hætti að nota Debet kort?** Skyldi ég þá eyða minna?



Ég ákvað að láta á þetta reyna, enda engu að tapa nema aleigunni. Ó, hún er farin. Í fyrstu reyndist þetta erfitt. Það krefst viljastyrks að aka framhjá bensínstöð, þurfa olíu á bílinn, en neita að stoppa á stöðinni útaf sérvisku. Nei, ég neyddi mig til að aka að næsta hraðbanka, taka út og aftur að bensínstöðinni.

Mér leið eins og sérvitrum asna, kannski kominn tími til (segja góðviðris-vinirnir). Ég lét mig þó hafa þetta. Smám saman komst það upp í vana. Ef ég átti ekki pening í veskinu, var honum ekki eytt. Ef mig langaði í eitthvað, en var bara með kort (eða klínk) þá sleppti ég að kaupa! Þarna kom sparnaðurinn.

Ég hafði heyrt talað um þetta, og heyrt töluna: Allt að 20% sparnaður á ári. Það er ekki alveg rétt. Ég næ í dag að drýgja hýruna 15% betur að jafnaði.

Nú hef ég engan áhuga á sparnaði þínum, þú mátt eyða þínu fé eins og þér sýnist, og vonandi áttu nóg til að sóa. Vonandi get ég það líka von bráðar. Það er gaman að láta eftir sér allt sem mann langar í. Ég hef áhuga á öðru.

Eins og sést á skrifum mínum um banka og bankatiltrú, hef ég áhuga á hinu dulda valdi sem stjórnar okkar lífi. Hvers vegna hafa bankar hag af því að ég eyði og sói um efni fram? Hvers

## Uppkast í vinnslu

vegna vilja þeir hvetja til þess að peningar hverfi úr umferð og kortin séu notuð í þeirra stað. Verðmæti séu flæði af tölvutækum talnarunum á milli fólks og fyrirtækja?

Græða þeir eitthvað á veltunni? Græða þeir kannski á yfirdrættinum þegar launin eru uppurin? Græða þeir kannski á því að við hættum að meðhöndla peninga og veltum frekar tölvutækum talnarunum? Að við missum verðmætamat og fylgjumst með tölu á skjá?

Vel má vera að sumum þykji gaman að missa húsið sitt, bílinn, og að ganga í gatslitnum fötum mánuðum saman. Kannski þurfa *atvinnuleitendur* að læra að sjá gamanið í réttu ljósi.

Hugmyndin var sumsé þessi: **Ef ég hætti að nota Debet** kort? Skyldi ég þá eyða minna?

Ég ákvað að láta á þetta reyna, enda engu að tapa nema aleigunni. Ó, hún er farin. Í fyrstu reyndist þetta erfitt. Það krefst viljastyrks að aka framhjá bensínstöð, þurfa olíu á bílinn, en neita að stoppa á stöðinni útaf sérvisku. Nei, ég neyddi mig til að aka að næsta hraðbanka, taka út og aftur að bensínstöðinni.

Mér leið eins og sérvitrum asna, kannski kominn tími til (segja góðviðris-vinirnir). Ég lét mig þó hafa þetta. Smám saman komst það upp í vana. Ef ég átti ekki pening í veskinu, var honum ekki eytt. Ef mig langaði í eitthvað, en var bara með kort (eða klínk) þá sleppti ég að kaupa! Þarna kom sparnaðurinn.

Ég hafði heyrt talað um þetta, og heyrt töluna: Allt að 20% sparnaður á ári. Það er ekki alveg rétt. Ég næ í dag að drýja hýruna 15% betur að jafnaði.

Nú hef ég engan áhuga á sparnaði þínum, þú mátt eyða þínu fé eins og þér sýnist, og vonandi áttu nóg til að sóa. Vonandi get ég það líka von bráðar. Það er gaman að láta eftir sér allt sem mann langar í. Ég hef áhuga á öðru.

Eins og sést á skrifum mínum um banka og bankatiltrú, hef ég áhuga á hinu dulda valdi sem stjórnar okkar lífi. Hvers vegna hafa bankar hag af því að ég eyði og sói um efni fram? Hvers vegna vilja þeir hvetja til þess að peningar hverfi úr umferð og kortin séu notuð í þeirra stað? Vermæti séu flæði af tölvutækum talnarunum á milli fólks og fyrirtækja.

Græða þeir eitthvað á veltunni? Græða þeir kannski á yfirdrættinum þegar launin eru uppurin? Græða þeir kannski á því að við hættum að meðhöndla peninga og veltum frekar tölvutækum talnarunum? Að við missum verðmætamat og fylgjumst með tölu á skjá?

Hvers vegna er kerfið orðið þannig að þú færð greitt með tölvumillifærslu og sérð varla fé, því þú veltir öllu um kortið? Gæti það tengst því að einungis 8% af öllum innistæðum eru raunverulega til sem peningar?

Getur verið að við eigum að veltast hugsunarlaust um bankakerfið? **Er hættulegt að við missum trúna á sama kerfi?** Nú segja guðfræðingar að það vex sem þú trúir á.

Ég veit ekki um þig en mér líkar að meðhöndla alvöru peninga. Mér þykir gott að ég eyði núna minna af þeim. Mér þykir gott að þeir nýtast mér betur. Mér þykir gott að mér finnst ég hafa fengið vald yfir eigin fé á ný.

Svo tók ég eftir dálitlu öðru nýlega.

Sumir bankar rukka þig um 150 krónur fyrir að taka út úr hraðbanka, sé kortið þitt úr röngum banka. Getur verið að fleiri en ég hafi opnað eigin vasabanka?

### ***Bankarnir eru tómir***

Í hvert sinn sem þú setur hundrað þúsund krónur inn á bankabók, á bankinn þann pening. Þú átt hann líka. Merkingin er sú að þú mátt taka peninginn út hvenær sem er en ekki fyrr en eftir tíu daga. Á meðan má bankinn nota peninginn. Þið eigið hann bæði.



Manstu eftir hruninu? Á föstudegi héldum við öll að bankarnir væru ríkir. Á sunnudags morgni voru þeir ekki bara tómir, heldur var ríkisbanki *okkar* látinn blæða handa þeim.

Á meðan þínir peningar liggja í bankabók eru þeir lánaðir út samdægurs. Þannig verða til innvextir handa bankanum og þegar þú tekur þá út færðu hluta þessara vaxta, það eru útvextir.

Nú gæti bankinn gerst gráðugur - fáheyrt en mögulegt - og lánað allan peninginn út í einu. Þá sæti eftir núll í sjóðnum ef þú kæmir daginn eftir að taka peninginn út. Þess vegna setur bankinn þá reglu að þeir skuli liggja lágmark tíu daga á reikning.

Tíu daga reglan tryggir bankanum gálgafrest, ef þú heimtar peninginn þinn, að gefa honum ráðrúm til að sækja varapening í ríkisbankann okkar.

## Uppkast í vinnslu

Þess vegna hefur ríkisbankinn þeirra - afsakið, okkar - sett bönkunum vinnureglu: Aldrei skal lána meira en áttatíuogþrjú prósent af innlögnum. Ávallt skal bankinn geyma sautján prósent. Þessar reglur hafa rýmkast síðustu ár og eru nú átta prósent.

| Þú leggur inn | Bankinn lánað út | Bankabók geymir |
|---------------|------------------|-----------------|
| 100.000       | 92.000           | 8.000           |

Ef þú leggur inn hundraðþúsund, má bankinn lána strax út níutíuogtvöðruð prósent. Í augum liggur að þetta skiptir engu máli ef bankinn hefur alltaf tíu daga upp á að hlaupa.

Aukinheldur ef þú ert eini kúnninn.

Segjum að þúsund manns leggi inn hundraðþúsund. Þá liggja skyndilega hundrað milljónir í bankanum, sem hann lánað út. Hann fær innvexti og þú þínkupons útvexti. Allir græða, nema hvað. Bankinn geymir átta prósent til vara, ef segjum tíu manns myndu skyndilega heimta peninginn sinn.

| Þúsund manns leggja inn | Samtals innistæður | Bankinn lánað út | Bankabók geymir |
|-------------------------|--------------------|------------------|-----------------|
| 100.000                 | 100 milljónir      | 92 milljónir     | 8 milljónir     |

Nú geymir þinn banki hundraðþúsund fyrir tíu þúsund manns og allt virkar vel. Blekkingin heldur meðan aldrei meira en þúsund manns taka skyndilega út. Hvað ef allir tíu þúsund taka allt sitt út eftir tíu daga?

| Tíuþúsund manns leggja inn | Samtals innistæður           | Bankinn lánað út | Bankabók geymir | Þúsund taka út | Bankinn skuldar þá |
|----------------------------|------------------------------|------------------|-----------------|----------------|--------------------|
| 100.000                    | Milljarður (1.000 milljónir) | 920 milljónir    | 80 milljónir    | 100 milljónir  | 20 milljónir       |

Það heitir bankahlaup og þá tæmist bankinn fyrir hádegi. Spurningin er, mun ríkisbanki okkar allra styðja þá aftur, eða styðja okkur?

Auðvitað mun ekkert bankahlaup gerast. Við vitum að bankarnir verða enn sterkir næsta mánudag. Fjölmíðlarnir hafa sagt okkur það, og hvers vegna ættu þúsund manns vilja geyma peninginn sinn heima?